



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. maí 2026
USK26050017

Hér með sendist útskrift úr fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 19.5.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Laugarnes - Nýjar borholur við Engjateig, Lágmúla og Bolholt - Umsagnarbeiðni - Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu

Lögð fram umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar, dags. 27. apríl 2026, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um matsskyldufyrirspurn unnin af VSO ráðgjöf, dags. í apríl 2026, vegna áforma Veitna um að bora allt að sjö vinnsluholur í Laugarnesi í Reykjavík; allt að fimm við Engjateig, eina í Lágmúla og eina í Bolholti. Fyrir eru borholur við Bolholt og Lágmúla en við Engjateig er í gildi deiliskipulag sem heimilar borun nýrra vinnsluhola. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. maí 2026.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. maí 2026, samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa
Margrét Þorvaldsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. maí 2026.



Reykjavík



Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun

Pórdís Stella Erlingsdóttir

Borgartúni 21

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. maí 2026

Málsnúmer: 202604-0063

NA

Efni: Nýjar borholur í Laugarnesi, Reykjavík. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis Húsnæðis- mannvirkja- og skipulagsstofnunar frá 27. apríl 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldu fyrir nýjar borholur í Laugarnesi við Engjateig, Lágmúla og Bolholt í Reykjavík.

Veitur áforma að bora allt að sjö vinnsluholur í Laugarnesi í Reykjavík; allt að fimm við Engjateig, eina í Lágmúla og eina í Bolholti. Í framkvæmdinni felst borun, gerð borplana og uppsetning borbúnaðs. Framkvæmdatími hvernar holu er áætlaður um 12 vikur og helsti áhrifaþáttur framkvæmdar felst í raski vegna gerð borplans, vatnstöku og losunar skolvatns auk þess sem búast má við ónæði við borun.

Náttúrufræðistofnun tekur undir að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu óverulega fyrir utan staðbundin og tímabundin neikvæð áhrif vegna hljóðvista. Framkvæmdin fer fram innan þéttbýlis þar sem umhverfið er þegar raskað og engin verndarsvæði til staðar. Náttúrufræðistofnun telur því ekki líklegt að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Nína Aradóttir

Nína Aradóttir

Jarðfræðingur



Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
Borgartún 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. maí 2026

USK26050017

**Erindi: Laugarnes - Nýjar borholur við Engjateig, Lágmúla og Bolholt -
Umsagnarbeiðni - Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu**

Reykjavíkurborg hefur farið yfir matsskyldufyrirspurn Veitna vegna fyrirhugaðrar borunar á allt að sjö vinnsluholum í Laugarnesi, við Lágmúla, Bolholt og Engjateig.

Samkvæmt greinargerð felst framkvæmdin í borun allt að sjö hola, gerð borplana og uppsetningu borbúnaðar á afmörkuðum reitum innan þéttbýlis. Framkvæmdatími hverrar holu er áætlaður um 12 vikur og felur í sér tímabundið rask og aukna umferð tækja. Umhverfi framkvæmdasvæðanna einkennist af manngerðu umhverfi þar sem fyrir eru byggingar, vegir og önnur mannvirki.

Gerð er grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, tilgangi hennar, helstu umhverfisþáttum og væntanlegum umhverfisáhrifum, auk fyrirhugaðra mótvægisaðgerða og vöktunar. Einnig er fjallað um samræmi framkvæmdarinnar við gildandi skipulag og þau leyfi sem framkvæmdin er háð.

Reykjavíkurborg telur að nánar þurfi að skýra hvort fyrirhugaðar nýjar vinnsluholur hafi áhrif á nýtingu á aðliggjandi lóðir.

Áhrif á nærumhverfi – LAUG-1

Fyrir liggur samkomulag milli Veitna og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu á lóð við Lágmúla 2. Skilgreint athafnasvæði borholu R-15 hefur áhrif á lóðir við Lágmúla 2 og 4. Ef að ný vinnsluhola verður staðsett vestan megin við núverandi borholu telur Reykjavíkurborg mikilvægt að fyrir liggi skýr skilgreining á nýju athafnasvæði, þar sem það mun hafa áhrif á nýtingu og skipulag nærliggjandi lóða.

Vinna við skipulagsgerð fyrir Lágmúla 2 er í fullum gangi og því er mikilvægt að samráð sé, þannig að allar forsendur og takmarkanir sem kunna að fylgja borun og rekstri holu verði skýrt afmarkaðar og liggi fyrir við mótun skipulags.

Leyfi

Reykjavíkurborg bendir á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi borgarinnar samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Allar framkvæmdir sem nýta borgarland eru háðar afnotaleyfi, auk þess sem hún þarf að vera í samræmi við gildandi skipulag og mögulegar deiliskipulagsbreytingar eftir því sem við á.

Matsskylda

Að mati Reykjavíkurborgar leiða framangreind atriði ekki til þeirrar niðurstöðu að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Hins vegar leggur borgin ríka áherslu á gott samráð og að metið verði hvort og þá hvaða áhrif færsla á borholu getur haft á aðliggjandi lóðir og þá sértaklega lóðina við Lágmúla 2.



Reykjavík



F.h. umhverfis- og skipulagssviðs
Helga Rún Guðmundsdóttir



Reykjavík

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. maí 2026
UOS-5630/M.G.

Umsögn vegna tilkynningar um framkvæmd: Nýjar borholur í Laugarnesi, mál nr. 494/2026

Vísað er til erindis Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar dags. 4. maí 2026 þar sem óskað var umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar vegna tilkynningar um nýjar borholur í Laugarnesi í Reykjavík til ákvörðunar um matsskyldu á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Leyfisveitingar

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu, nr. 57/1998 er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögum. Jarðhitanyting í Laugarnesi hefur staðið yfir um áratugaskeið, frá því fyrir gildistöku laga nr. 57/1998. Ekki er til staðar nýtingarleyfi á þessu svæði skv. þessum lögum en litið hefur verið svo á að sú nýting sem var í gangi við gildistöku laganna hafi ígildi nýtingarleyfis, en að öll aukning í nýtingu umfram það sé leyfis skyld. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að aukin vinnslugeta sé einn tilgangur framkvæmdarinnar og bendir Umhverfis- og orkustofnun því Veitum ohf. á að sækja um nýtingarleyfi á svæðinu sem um ræðir.

Í kafla 8.1 í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að borun sé háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Umhverfis- og orkustofnun bendir á nýlega breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem borun er ekki lengur leyfis skyld hjá heilbrigðisnefnd, heldur er jarðborinn, þ.e. bortækið, nú starfsleyfis skyldur hjá Umhverfis- og orkustofnun.

Ef ákvörðun Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar verður sú að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum minnir Umhverfis- og orkustofnun framkvæmdaraðila á 26. gr. laga nr. 111/2021 þar sem kemur fram að með umsókn um leyfi til framkvæmdar sem fellur í flokk B í 1. viðauka, skal fylgja greining framkvæmdaraðila á því hvort forsendur matsskylduákvörðunar hafi breyst verulega frá því að ákvörðun um matsskyldu var tekin, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál eða vegna tækniþróunar varðandi framkvæmdina.

Borholur

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á því að sbr. lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu skal skila gögnum um borholur til stofnunarinnar. Kröfur þess efnis hafa verið dregnar saman í borholureglur sem lúta að skráningu, hönnun og frágangi borholna, sem og skil á upplýsingum til Umhverfis- og orkustofnunar¹.

Vatnamál

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að þar sem framkvæmdin gerir ráð fyrir jarðhitanytingu og borframkvæmdum þarf að fjalla um áhrif framkvæmdarinnar á vatn í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027.²

Í greinargerð er áhrifamat fyrir þau vatnshlot sem framkvæmdin nær til, grunnvatnshlotið Stór-Reykjavík nr. 104-261-2-G og strandsjávarhlotið Straumsvík-Kjalarnes nr. 104-1391-C. Í umfjöllun um mat á áhrifum á bls. 15, er vísað til líkanreikninga fyrir jarðhitakerfið. Umhverfis- og orkustofnun bendir hins vegar á að betra hefði verið að niðurstöður líkanreikninganna, um vatnsborð á svæðinu, hefðu komið fram í greinargerð.

Mengunarvarnir

Í greinargerð er lýst ráðstöfunum sem framkvæmdaraðili hyggst ráðast í til að lágmarka hættu á mengun, m.a. að borleðja verði endurnýtt og að lokum fargað sem óvirkum úrgangi. Þá kemur fram að borsvarf verði fangað í svarfþró en hins vegar kemur ekki fram hvernig framkvæmdaraðili hyggist farga borsvarfinu.

Niðurstaða

Umhverfis- og orkustofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga nr. 111/2021 og skuli því ekki háð umhverfismati.

Virðingarfyllst,

María Guðmundsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

¹ [Borholureglur á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar](#)

² [Vatnaáætlun 2022-2027 á vefsíðu UOS.](#)



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

HMS

Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 16. júní 2026
MÍ202604-0261/ 6.07 / Þ.H.

Minjavarðarsvið
Suðurgötu 39
101 Reykjavík

Sími: (354) 570 13 14
www.minjastofnun.is

**Efni: Nýjar borholur í Laugarnesi, Reykjavík (nr. 0494/2026) –
Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu.**

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Skipulagsstofnunar í Skipulagsgáttinni, þar sem óskað er eftir umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna áforma Veitna ohf um að bora allt að sjö vinnsluholur í Laugarnesi í Reykjavík, allt að fimm við Engjateig, eina í Lágmúla og eina í Bolholti. Greinargerð var unnin af VSO ráðgjöf, *Nýjar borholur í Laugarnesi, Reykjavík. Við Engjateig, Lágmúla og Bolholt. Matsskyldufyrirspurn*, dagsett í apríl 2026.

Fyrirliggjandi skráning á svæðinu var gerð í tengslum við hverfisSKIPULAGS-
vinnu í Reykjavík og unnin af Minjasafni Reykjavíkur, *Borgarkönnun*, hefti 3-5, Skýrslur nr. 162, 163 og 164. (Rv 2013-2014). Auk þess liggur fyrir skráning sem gerð var af Minjasafninu vegna *Borgarlínu, Fornleifaskráning vegna Borgarlínu – lotu 1, Ártúnshöfði – Fossvogur*. Skýrsla nr. 230 (Rv. 2024). Skráning þessi uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru vegna umhverfismatsins, sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Fjallað er um fornleifar í kafla 7.4 í greinargerðinni, bls. 17 og er þar fjallað á fullnægjandi hátt um fornleifar á svæðinu. Við Engjateig (LAUG 3-7) eru engar þekkrat fornleifar. Svæðin við Bolholt (LAUG-2) og Lágmúla (LAUG-1) eru mjög röskuð af síðari tíma framkvæmdum. Þó er ekki hægt að útiloka að minjar leynist í jörðu þótt umhverfið hafi orðið fyrir raski. Skammt vestan framkvæmdasvæðis í Bolholti stóð erfðafestubýlið Finnbogahús og við framkvæmdasvæðið í Lágmúla stóð bærinn Lækjarhvamur, byggður 1891. Var þar rekið töluvert stórt bú á fyrri hluta 20. aldar, en bærinn var svo rifinn árið 1967 og er nú kominn undir malbik og aðrar byggingar.

Í ljósi þessa vill Minjastofnun áréttta að ef minjar finnast við framkvæmd verks bera að tilkynna fundinn til stofnunarinnar, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Frá sjónarhóli fornminjavörslu telur Minjastofnun ekki þörf á að framkvæmd þessi fari í umhverfismat.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Þór Ingólfsson Hjaltalín
Þór Ingólfsson Hjaltalín
Sviðstjóri minjavarðarsviðs

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



Húsnæðis,-
mannvirkja og skipulagsstofnun
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík 25.maí 2026
HER-202604-7663

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 494/2026 í skipulagsgátt, Nýjar borholur í Laugarnesi, Reykjavík. Við Engjateig, Lágmúla og Bolholt. Matsskyldufyrirspurn

Vísað er til máls nr. 494/2026 í skipulagsgátt, Nýjar borholur í Laugarnesi, Reykjavík. Við Engjateig, Lágmúla og Bolholt. Matsskyldufyrirspurn Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn

HER vill byrja á að gera athugasemd að í kafla 8.1. er tilgreint að framkvæmdin sé háð starfsleyfi HER. Svo er ekki, búið er að fella niður starfsleyfisskyldu jarðboranna og er nú aðeins jarðborinn sjálfur leyfisskyldur. Umhverfis- og orkustofnun (UOS) gefur út leyfi fyrir jarðbor.

HER telur að vel sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar. HER telur líklegast að borframkvæmdir í Bolholti gætu haft mestu umhverfisáhrifin. Árið 2022 var borað í Bolholti og voru helstu umhverfisáhrif hávaði vegna framkvæmdarinnar og í einu tilviku komu upp stórir froðuflákar við borunina sem fuku út á götu. Nú hafa íbúðarhús verið byggð nær borsvæðinu en var þá. Reynist borframkvæmdin vera mjög hávær ætti að grípa til mótvægisaðgerða til að draga úr ónæði í þessum húsum. Á hinum borsvæðunum er meiri fjarlægð yfir í íbúðarhús en þó geta íbúar mögulega fundið fyrir einhverju ónæði.

HER saknar þess að ekki sé fjallað sérstaklega um möguleg mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim í matsskyldufyrirspurninni. Við framkvæmdina eru notuð, auk borsins, önnur tæki sem gætu lekið olíu eða valdið öðrum skaða á umhverfinu. Hægt er að setja skilyrði um viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa í framkvæmdaleyfi og telur HER það nauðsyn. Ekki liggja fyrir ennþá starfsleyfisskilyrði fyrir jarðbora svo ekki er unnt að fullyrða að tekið sé á slíku í leyfi borsins.

HER telur framkvæmdina ólíklega til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum til langs tíma og tekur undir það mat sem fram kemur í matsskyldufyrirspurn að hávaði verði sá umhverfispáttur sem veldur neikvæðum umhverfisáhrifum, þó aðeins



tímabundið. Niðurstaða HER er því sú að fyrirhuguð framkvæmd þurfi ekki að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS)
Þórdís Stella Erlingsdóttir Borgartúni 21
105 Reykjavík

11. maí 2026
202604-0073/A.B.

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum - Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu - Nýjar borholur í Laugarnesi, Reykjavík. Við Engjateig, Lágmúla og Bolholt - Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS).

Inngangur

Vísað er í erindi Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar (HMS) vegna matsskyldufyrirspurnar um borun vinnsluhola í Laugarnesi í Reykjavík sem barst 27. apríl sl. Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað sé að bora allt að sjö vinnsluholur á þremur stöðum, við Engjateig, Lágmúla og Bolholt, innan Reykjavíkur. Svæðið er þegar mótað af byggð og samgöngumannvirkjum og ekki eru þar friðlýst svæði eða önnur svæði með sérstaka vernd.

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdin felist í borun allt að sjö hola, gerð borplana og uppsetningu borbúnaðar á afmörkuðum reitum innan þéttbýlis. Framkvæmdatími hvernar holu er áætlaður um 12 vikur og felur í sér tímabundið rask og umferð tækja. Umhverfi framkvæmdasvæðanna einkennist af manngerðu umhverfi, þar sem fyrir eru byggingar, vegir og önnur mannvirki.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er ljóst að framkvæmdin hefur ekki áhrif á verndarsvæði, vistgerðir eða fuglalíf, enda er um að ræða borgarlandslag þar sem lífríki er takmarkað. Áhrif á landslag eru jafnframt óveruleg þar sem svæðið hefur þegar tekið verulegum breytingum vegna uppbyggingar. Helsti umhverfisáhrifavaldur framkvæmdarinnar er tímabundinn hávaði á framkvæmdatíma.

Niðurstaða

Að mati Náttúruverndarstofnunar, með hliðsjón af eðli, umfangi og staðsetningu framkvæmdarinnar, eru áhrif hennar staðbundin og tímabundin og að meginstefnu óveruleg. Framkvæmdin fer fram innan þéttbýlis þar sem umhverfið er þegar raskað og engin verndarsvæði til staðar.

Náttúruverndarstofnun telur því ekki líklegt að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ármann Guðmundsson

sérfræðingur